

Álagning skatta og gjalda í Hvalfjarðarsveit 2023

- Álagning útsvars á tekjur ársins 2023 er 13,91%
- Fasteignaskattur er eftirfarandi á árinu 2023:

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 segir að allar fasteignir, sem metnar eru af Fasteignaskrá Íslands, skuli árlega leggja á skatt til sveitarfélagsins þar sem fasteignin er.

Fasteignaskattur A-flokkur 0,36%
Fasteignaskattur B-flokkur 1,32%
Fasteignaskattur C-flokkur 1,65%

- **Lóðarleiga** í þéttbýli 1,00% af fasteignamati og er innheimt samhliða fasteignaskatti.
- **Gjald fyrir úrgangshirðu og urðun úrgangs**
Úrgangshirða fyrir íbúðarhúsnæði kr. 60.390.
Úrgangshirða fyrir sumarhús (frístundahús) kr. 18.640.
Urðun úrgangs fyrir íbúðar- og sumarhús (frístundahús) kr. 5.400.
Gjöldin eru innheimt samhliða fasteignaskatti.
- **Rotþróargjald**
Rotþróargjald er kr. 14.900,- og er árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa á hvert íbúðarhús og Sumarhús (frístundahús). Rotþrærnar sjálfar eru tæmdar þriðja hvert ár. Þriðjungur kostnaðarins er innheimtur á hverju ári. Gjöldin eru innheimt samhliða fasteignaskatti.

Gjalddagar fasteignaskatts og gjalda á árinu 2023 verða 9 talsins á mánaðarfresti 15. hvers mánaðar. Í febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí, ágúst, september og október. Fyrsti gjalddagi er 15. febrúar. Ef álagning er 25.000 kr. eða lægri er einn gjalddagi 15. maí.

Elli- og örorkulífeyrisþegar:

Afsláttur á fasteignaskatti til örorku- og ellilífeyrisþega er tekjutengdur.

Ekki þarf að sækja um lækkun, gerður er vélrænn samanburður tekna samkvæmt síðasta fyrirbyggjandi skattframtali og þegar staðfest skattframtal liggur fyrir vegna tekna síðastliðins árs er afsláttur endurreiknaður og tilkynnt ef breyting verður. Örorkulífeyrisþegar þurfa að leggja fram örorkuskírteini.

Afsláttur vegna einstaklinga		
Tekjumörk		Afsláttur
-	4.522.166	100%
4.522.167	4.948.820	80%
4.948.821	5.392.516	50%
5.392.517	6.433.284	25%

Afsláttur vegna hjóna/sambúðaraðila		
Tekjumörk		Afsláttur
-	7.167.299	100%
7.167.300	8.191.024	80%
8.191.025	8.704.714	50%
8.704.715	9.044.941	25%

Álagning fasteignaskatta og gjalda er birt rafrænt á www.island.is en jafnframt er hægt að óska eftir útprentuðum álagningarseðli á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar.

Álagning fasteignaskatts er kæránleg til yfirfasteignamatsnefndar og skal kæra borin fram innan þriggja mánaða frá álagningu.

Álagning á gjaldi fyrir úrgangshirðu og urðun úrgangs er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur einn mánuður frá álagningu.

Linda Björk Pálsdóttir
sveitarstjóri